



MSS25110132

Mannréttindaráð 27. nóvember 2025: Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins

Framsókn leggur til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir því við velferðarráð að Reykjavíkurborg greiði fyrir skólaakstur reykvískra barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu fjarri heimili sínu. Gert er ráð fyrir að útfærslan sé á höndum velferðarsviðs í samvinnu við Kvennaathvarfið. Í Kvennaathvarfinu dvelja mörg börn á hverjum tíma með mæðrum sínum, en athvarfið er oft staðsett langt frá heimaskólum barnanna. Ekki hafa allar mæður aðgang að bíl eða tök á að koma börnum sínum í skóla.



Reykjavík